



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
b.t. Indriði Stefánsson
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 15. júní 2021
1911317, 500.00 BV

Umsögn umhverfissviðs

Lagt fram erindi frá Indriða Stefánssyni dags. 10. maí 2019 varðandi tillögu að Kópavogsbær hefði milligöngu/aðkomu að því að setja upp drop off box fyrir verslanir í Hamraborg.

Umsögn:

Mögulega væru tvær leiðir færar í útfærslu varðandi milligöngu eða aðkomu Kópavogsbæjar að því að sett væru upp drop off box fyrir verslanir í Hamraborg. Sveitarfélagið myndi skilgreina svæði í Hamraborg þar sem hægt væri að setja upp slíka þjónustu, skilgreina þau inniviði sem þyrftu að vera til staðar og ákveða skilmála og ramma fyrir þjónustu sem veitt væri og notkunarskilmála.

Af þessari umsýslu væru ákveðnir kostnaður sem myndi falla á Kópavogsbæ ásamt því að útfæra þyrfti hvernig kostnaðarskipting væri og mögulegur kostnaður þeirra þjónustuaðila sem myndu vilja nota drop off boxin.

Mögulega væri hægt að fá Markaðsstofu Kópavogsbæjar til að tengja saman þá rekstraraðila sem myndu vilja nýta drop off box og mögulegar staðsetningar fyrir slíka þjónustu í Hamraborg.

f.h. Skipulagsfulltrúa

Bjarki Valberg
Umhverfisfulltrúi